

19

4. gr.

7. apríl

Í sambandi við ákvæðin í 1. og 2. gr. hér á undan skal þess getið, til leiðbeiningar fyrir lækna, að það er handhæg en fullgild sönnun fyrir óskertri litskyggni, ef lesnar eru skekkjulaust Ishiara eða Stíllings litskyggnitöflur eða ef litir eru rétt greindir í Nagels litkíki. Sjónvidd nægir að prófa með handaútréttingum á venjulegan hátt, ef lækinn veit sig hafa eðlilega sjónvidd, og heyrn nægir að prófa með hvísli í tilskilinni fjarlægð.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og er jafnframt úr gildi fallin reglugerð um sama efni frá 26. janúar 1916.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. apríl 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

20

7. apríl

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð húsfreyju Guðríðar Sigurðardóttur Línal á Holtastöðum“ útgefin að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. apríl 1937.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð húsfreyju Guðríðar Sigurðardóttur Línal á Holtastöðum.

1. gr.

Sjóður þessi er myndaður af Sambandi Austurhúnavetnskra kvenna til minningar um húsfreyju Guðríði S. Línal á Holtastöðum, er andaðist 11. júní 1932. Stofnfé sjóðsins er að upphæð kr. 600.00.

Sjóðinn má auka með samskotum og áheimum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur í Austur-Húnavatnssýslu með fjárframlögum úr sjóðnum. Má styrkur úr sjóðnum til hvernar ekkju aldrei nema minna en 100 kr. í hvert sinn. Sé engin ekkja til, sem stjórnin telur ástæðu til að styrkja, þá má verja fé því, sem til úthlutunar ætti að koma, til þess að styrkja konur til þess að fara á námskeið í héraðinu, eða styðja að því, að námskeið verði haldin fyrir konur í Austur-Húnavatnssýslu.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Austur-Húnavatnssýslu, ef hann vill greiða $\frac{1}{2}\%$ hærri vexti en af venjulegu innlánsfé, ella skal ávaxta sjóðinn í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir 200 kr. má byrja að veita úr honum. Aldrei má eyða meiru en helming vaxtanna, en hinn helminginn skal leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

5. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi 3 menn, karlar eða konur: Sýslumaður Húnavatnssýslu, 1 maður kosinn af Sambandi Austurhúnavetnskra kvenna, og 1 nánasti ættingi Guðríðar S. Líndal yfir 18 ára, sem er í héraðinu. Leggist kvennasambandið niður, og engin hliðstæð stofnun komi í staðinn, sem kosið geti fulltrúa, eða enginn ættingi Guðríðar sé í sýslunni, þá taka sæti í stjórninni maður eða menn kosnir af sýslunefnd. Stjórnin skal starfa kauplaust, en útlagður kostnaður skal greiddur af vöxtum þeim, er úthluta ber.

6. gr.

Stjórnin úthlutar því, sem til úthlutunar kemur, í desember árlega, en sé vöxtunum varið til eflingar námsskeiði, þá má úthluta styrknum hvenær sem er á árinu.

7. gr.

Stjórninni ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber ennfreður að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk, styrkveitingar, og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Eftir að farið er að veita styrk úr sjóðnum, skal stjórnin árlega semja reikning yfir sjóðinn, og skal hann endurskoðaður og úrskurðaður af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, og birtur á sama hátt og reikningar sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta að 70 árum liðnum, en þó má aldrei skerða höfuðstól þann, sem þá er til, og aldrei láta koma til útborgunar meira en $\frac{1}{2}$ vexti af höfuðstólnum. Heimilt er fyrir giftar konur í Austur-Húnavatnssýslu að breyta skipulagsskrá þessari, og skal breytingin gerð á almennum fundi þeirra, sem boðað sé til með nægum fyrirvara um alla hreppa sýslunnar. Leita skal staðfestingar á breytingum þeim, sem gerðar kunna að verða á skipulagsskránni.

Þannig samþykkt á fundi Sambands Austurhúnavetnskra kvenna á Blönduósi 26. maí 1933.

Ingibjörg Björnsdóttir.

Jóhanna A. Hemmert.

Hulda Á. Stefánsdóttir.